



Sjálfstætt reknir grunnskólar; goðsögnum svarað

Nokkur umræða hefur að undanförunni verið um starfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla; m.a. í kjölfar fjölmiðlaumræðu þar sem þess misskilnings gætti að nemendur væru „valdir“ inn í skólana eftir námsgetu þeirra og atgervi; sumir væru aufúsugestir en öðrum væri hafnað vegna sérstöðu þeirra. Eins kemur sífellt upp hin gamla og lífseiga goðsögn að fjárhagur foreldra ráði mestu um hverjir gangi í sjálfstætt rekna skóla og að fjárhagslegur ábati sé grunnur rekstursins.

Í slíkri umræðu falla þau mál í skuggann sem eru efst í huga okkar, forsvarsfólks sjálfstætt rekinna skóla. Þar má helst nefna þær uppeldis- og menntunarhugsjónir sem skólarnir starfa að og eru kveikjan að tilvist þeirra. Einnig gleymist að skólastarf sjálfstæðu skólanna er kærkomin viðbót við öflugna hverfisskóla sveitarfélaganna sem eykur bæði fjölbreytni og valkosti. Þannig kjósa margir foreldrar að snúa sér til okkar þegar þeir telja sérkennslu þörf hjá barni sínu í þeirri ósk að heimilislegt andrúmsloft fámenns skóla í sjálfstæðum rekstri, geti betur sveigt starfið að sérþörfum barnsins. Reynsla okkar er að stjórnendur og kennarar sjálfstæðu skólanna skorist ekki undan slíkri ábyrgð! Það er þvert á móti og þrátt fyrir þá staðreynd að við séum um margt vart samkeppnisfær við þau bjargráð sem stór hverfisskóli hefur þegar kemur að sértækum sérkennsluúrræðum.

Hins vegar er ekki því að leyna að rekstrarstaða sjálfstætt rekinna skóla sníður okkur oft þrengri stakk en við kjósum. Það er aðeins hin síðustu ár sem rekstrargrundvöllurinn hefur verið styrktur; þ.e. með nýjum grunnskólalögum í ráðherratíð Þorgerðar Katrínar var þeim tryggt að lágmarki 75% framlag miðað við meðalkostnað allra skóla á landinu, þ.e. kostnaður við kennslu, sérkennslu, húsnæði og allt annað sem til fellur. Eftir sem áður þurfa sjálfstæðu skólarnir að brúa þau 25% sem upp á vantar, með innheimtu skólagjalda sem hrökkva ekki til – ekki síst í þessu árferði og því eru þeir reknir fyrir minna fjármagn en aðrir skólar. Ekkert aukaframlag kemur til vegna sérkennslu einstakra nemenda nema fötlun þeirra sé með alvarlegasta móti. Því er núverandi greiðsluferfi ekki sérkennslunemendum í hag þar sem sjálfstæðu skólarnir reyna að bjarga sér á aðeins 75% af því sem meðalnemandinn kostar.



Ánægjulegar undantekningar eru þó á þessari lágmarksreglu laganna. Hafnarfjarðarbær hefur lagt skóla Hjallastefnunnar þar í bæ til húsnæði og búnað auk 75% framlagsins og því innheimtir Hjallastefnan ekki skólagjöld þar. Garðabær hefur síðan gengið sveitarfélagi lengst til að tryggja jafnræði milli skóla svo og milli nemenda og fjölskyldna þeirra. Þar hefur verið innleitt það einfalda kerfi að fé fylgir barni, hvaða skóli í sveitarfélaginu sem verður fyrir valinu. Þar með fylgir sama upphæð öllum börnum; 100% af kostnaði á landsvísu og ef meðalkostnaður Garðabæjar reynist lægri, fylgir sú tala nemandanum. Fyrsti barnaskóli Hjallastefnunnar hefur frábæra reynslu af þessu fyrirkomulagi. Engin skólagjöld eru innheimt af Garðabæingum og skólinn stendur straum af sérkennslu eins og öllu öðru skólastarfi. Garðabæjarleiðin með 100% framlaginu er tvímælalaust einfaldasta leiðin til að jafna stöðu allra grunnskóla óháð rekstrarformi og til að bjóða fjölskyldum val óháð efnahag.

Margrét Pála Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar og formaður Samtaka sjálfstæðra skóla



Árgjald SSSK 2009

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að áfram skyldi greitt árgjald til SSSK, þrátt fyrir inngöngu í SVP. Samþykkt var tillaga um að árgjaldið skyldi vera 50% af árgjaldi síðasta árs en gjald hvers skóla mun eftir sem áður fara eftir nemendafjölda. Árgjald ársins 2009 er því eftirfarandi:

Nemendafjöldi	Árgjald
0 - 40	20.000
41 - 80	37.500
81 - 120	55.000
121 - 200	82.500
yfir 200	110.000

Greiðsluseðlar verða sendir út í byrjun september og samkvæmt samþykktum SSSK skal greiðsla félagsgjalda fara fram fyrir 1. október ár hvert. Ef nemendafjöldi hefur breyst frá 2008 þannig að það hafi áhrif á árgjaldið, biðjum við ykkur að senda línu á netfangið: sssk@sssk.is.

Ný reglugerð um starfsumhverfi leikskóla

Menntamálaráðherra hefur á grundvelli 12. greinar laga um leikskóla gefið út nýja reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/200. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar nr 225/1995 sem nú er fallin úr gildi.

Eins og fram kemur í bréfi frá Félagi leikskólakennara er megin breytingin með nýju reglugerðinni er að afnumin eru viðmið um rými og barngildi. Þess í stað skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna, aldris og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu. Í 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ákvörðun um barnafjölda hverju sinni er í höndum leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla í samráði við sveitarstjórn eða skólanefnd. Athygli skal vakin á því að í sömu grein er sveitarfélögum heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákeðinn hámarksfjölda barna en að öðru leyti fara rekstraraðilar með ákvörðun um fjölda barna. Í 7. gr. kemur fram að ákvörðun um fjölda starfsfólks skal tekin af sveitarstjórn og byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.

Þessi breyting hefur í för með sér að barna- og starfsmannafjöldi getur verið mismunandi frá ári til árs og á milli leikskóla þar sem nú skal taka mið af aðstæðum en ekki miðlægum viðmiðum.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum um leikskóla er langur skýringartexti með 12. laganna sem kveður á um húsnæði og fjölda barna. Þar er sérstök áhersla lögð á að tilgangur þessara breytinga er ekki að fjölga börnum í leikskólum. Reglugerðina sem sett er á grundvelli 12. gr. laganna er hægt að skoða á <http://menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir>.